

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. ágúst 2010
Tilvisun: UST20100800020/abg

Efni: Endurvinnslustöð Íslenska gámafélagsins ehf. í Hellislandi, sveitarféluginu Árborg.

Umhverfisstofnun vísar í erindi Skipulagsstofnunar dags. 4.ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli hāð mati á umhverfisáhrifum.

Lýsing á staðháttum

Lóðin fyrir starfssemina er á skipulögðu iðnaðar- og athafnasvæði á aðal- og deiliskipulagi Árborgar. Á lóðinni sem er alls 33.450 m^2 var áður gámasvæði Árborgar og þar áður var það urðunarstaður sveitarfélagsins. Utan um lóðina er girðing með innkeyrsluhliði að framan. Á lóðinni er 518 m^2 flokkunarskemma þar sem óflokkaður úrgangur er tekinn inn og flokkaður. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka skemmuna í 1000 m^2 . Á lóðinni stendur einnig þjónustuhús sem er um 154 m^2 að grunnfleti. Þar er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu ásamt afgreiðslu og verkstæði. Fleiri byggingar eru ekki á lóðinni.

Framkvæmd

Lífrænum heimilisúrgang er safnað frá Hveragerði, Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi og fluttur til móttökustöðvarinnar í Hellislandi. Lífræni úrgangurinn fer úr söfnunarbil í jarðgerðarvél ásamt stoðefnum sem eru kurlað timbur og hrossatað. Vélin getur annað um 200 tonnum af lífrænum úrgangi á ári. Niðurbrotsferlið fer fram með lofháðu ferli. Þegar blandan hefur verið í vélinni í u.p.b. tvær vikur er hrámoltan tekin út og látin þroskast fyrir utan vélina í um 3-6 mánuði. Ekkert frárennsli er frá jarðgerðarvélinni en gera má ráð fyrir því að vöktu sígi úr moltunni á meðan hún er að fullþroskast fyrir utan vélina.

Timbur verður tætt á svæðinu og eins þá verður hrossatað safnað þar fyrir. Ekki er ætlunin að jarðgera sláturúrgang eða dýrahrað.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Umhverfisstofnun vill benda á að helstu vandamál sem geta komið upp við jarðgerð eru lyktarmengun, mengað sigvatn, fok getur átt sér stað ef ekki er gengið nægjanlega frá geymslusvæðum, auk þess sem fuglar, flugur og önnur dýr geta leitað á svæðið. Ekkert

kemur fram um það í greinargerð Íslenska gámafélagsins hvernig fyrirtækið ætlar að taka á því ef þessi vandamál koma upp.

Lyktarmengun

Í greinargerð Íslenska gámafélagsins segir að lykt frá jarðgerðinni ætti ekki að trufla íbúa á svæðinu þar sem næsta íbúðarhús er í meira en 800 metra fjarlægð frá jarðgerðarstöðinni. Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs segir að til að vernda heilsu fólks skuli staðsetning söfnunar- og flokkunarmiðstöðva fyrir úrgang taká mið af því að ekki hljótist af óþægindi fyrir íbúa og taká tillit til nálægðar við íbúðarhús, skóla, matvælaframleiðslu- og sölustaði, heilbrigðisstofnir og aðra dvalarstaði fólks. Ljóst er því að taka verður tillit til dvalarstaða fólks en ekki aðeins til nálægðar við íbúðarhús.

Umhverfisstofnun bendir á að ef rétt er staðið að jarðgerð þá lykti hún undir venjulegum kringumstæðum lítið. Ferskur lífrænn úrgangur inniheldur hins vegar mikið af vatni sem losnar úr læðingi við niðurbrot úrgangsins og tryggja þarf að nóg súrefni sé til staðar við niðurbrotsferlið. Til eru ýmsar leiðir til að koma í veg fyrir að lykt leggi frá jarðgerð, t.d. með því að soga loft frá ferlinu í gegnum biofilter.

Einnig kemur fram í greinargerð að ef sú staða kemur upp að ekki verði hægt að setja lífræna úrganginn beint í jarðgerðarvélina þá verði hann settur í krókgáma þar til hægt verður að losa hann í vélina. Umhverfisstofnun bendir á að mikla lykt geti lagt frá óunnum lífrænum heimilisúrgangi og gæta verði að ekki hljótist óþrifnaður við geymslu hans.

Mengað sigvatn

Fram kemur í greinargerð Íslenska gámafélagsins að hrámoltan verði tekin úr jarðgerðarvélinni og sett í haug til frekari þroskunar. Þá sé hætta á því að sigvatn leki úr moltunni. Enn fremur kemur fram að skilgreint jarðgerðarsvæði lóðarinnar hafi áður fyrr verið urðunarstaður og ekki sé hætta á því að mengun berist á ný og ósnert svæði. Umhverfisstofnun bendir á að þó að svæðið sé gamall urðunarstaður þá eigi samt sem áður að tryggja verði að sigvatn frá hrámoltu, sem oft inniheldur mikið magn salta, ammoníum- og súlfat efnasambanda, valdi ekki mengun og óþrifnaði á svæðinu. Samkvæmt reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs er bannað að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfi. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að safna frárennslisvatni í setþró til frekari hreinsunar en æskilegast væri að þroskun afurða færí fram innan dyra.

Fok

Ekki kemur fram í greinargerð Íslenska gámafélagsins hvernig fyrirtækið mun standa að hindrun foks á svæðinu. Fram kemur að svæðið er afgirt en ekki hversu há girðingin er. Ekki kemur fram hvort sérstakar ráðstafanir séu hafðar við losun úrgangs í krókgáma og jarðgerðarvél t.d. þegar veður eru slæm, eða hvernig umgengi um geymslusvæðið verði háttáð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vel sé gengið um svæðið og að úrgangur dreifist ekki um nærliggjandi svæði.

Meindýr

Ekki kemur fram í greinargerð Íslenska gámafélagsins hvernig fyrirtækið hyggst fyrirbyggja að meindýr, s.s. fuglar, flugur, rottur eða önnur hugsanleg meindýr leiti í úrganginn. Umhverfisstofnun bendir á að góð umgengni og fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem loftsog í gegnum biofilter, söfnun sigvatns í setþró eða jafnvel færslu hrámoltunnar svo hún fái að þroskast innandyra, minnki líkurnar á því að meindýr leiti á svæðið.


Gera má ráð fyrir að tekið verði á ofangreindum þáttum sem og öðrum þáttum er snúa að

mengun frá starfseminni, við útgáfu nýs starfsleyfis.

Umhverfisstofnun telur að ef tekið verður á framangreindum atriðum þá séu ekki líkur á því að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst

Olafur A Jónsson
Deildarstjóri


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir